

26

12. júní

L Ö G

um framlenging á gildi laga nr. 90 19. júní 1933, um útflutning á kjöti.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Lög nr. 90 19. júní 1933, um útflutning á kjöti, skulu gilda til 1. júlí 1940, með þeirri breytingu, að í stað „15. október“ í 4. gr. laganna komi: 20. október.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1939.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Sorgenfrihöll, 12. júní 1939.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Eysteinn Jónsson.

27

12. júní

L Ö G

um breyting á lögum nr. 32 8. sept. 1931, um búfjárrækt.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

11. gr. laga nr. 32 8. sept. 1931 orðist svo:

Tilgangur nautgriparæktarféлага, sem um ræðir í 10. gr., skal vera að bæta kúakynið.

Samþykktir hvers félags skal gera eftir fyrirmynd, sem Búnaðarfélag Íslands semur, og skulu þær samþykktar af því.

Þegar félag hefir fengið samþykktir sínar viðurkenndar af Búnaðarfélagi Íslands, getur það árlega fengið styrk til starfsemi sinnar, og skal hann vera sem hér segir:

1. 1 kr. á reiknaða árskú, séu ekki gerðar fitumælingar, eða þær gerðar sjaldnar en þrisvar sinnum á ári.
2. 1,80 kr. á reiknaða árskú, sé fitumagn mjólkurinnar úr hverri fullmjólka kú rannsakað minnst þrisvar á ári hverju.

3. 2,50 kr. á reiknaða árskú, sé fitumagn mjólkurinnar úr hverri fullmjólka kú rann-sakað minnst sex sinnum á ári hverju. 27

Styrkurinn borgist eftir á, þegar félagið hefir sent Búnaðarfélagi Íslands skýrslur, er sýni fódureyðslu fyrir hverja einstaka kú og ársnyt hennar, byggða á viku-legum athugunum og í því formi, er Búnaðarfélag Íslands krefst og nánar skal tekið fram í reglugerð. 12. júní

2. gr.

d.-liður 43. gr. laganna orðist svo:

Hve margt kynbótafé hver félagsmaður hafi, og má samanlögð ætala félagsins ekki vera lægri en 50 og enginn einn maður eiga meira en helming af kynbótafé þess.

3. gr.

45. gr. laganna orðist svo:

Auk þess getur landbúnaðarráðherra styrkt 8 sauðfjárræktarbú, tvö í hverjum fjórðungi, eftir tillögum Búnaðarfélags Íslands, með allt að 600 kr. hvert, þó ekki yfir $\frac{2}{3}$ á móti viðkomandi búnaðarsambandi eða annarstaðar að. Auk þessa leggur ríkis-sjóður allt að 2000 kr. fram á ári hverju til verðlauna búunum, eftir því sem nánar verður mælt fyrir í starfsreglum þeirra, er viðurkenndar skulu af Búnaðarfélagi Ís-lands og staðfestar af landbúnaðarráðherra.

Fjárræktarbú þessi skulu uppfylla öll þau skilyrði, er um ræðir í a.—c.-liðum 43. gr., og önnur ákvæði, sem sett kunna að verða.

Ef styrkþegi hættir að reka búíð, hefir Búnaðarfélag Íslands rétt til að ráðstafa kynbótafénu og, í samráði við aðra, er styrkt hafa búíð, að ákveða, hvar búíð starfar áfram. Borga skal búsféð með matsverði óvilhallra, dómkvaddra manna.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1940.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Sorgenfrihöll, 12. júní 1939.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Hermann Jónasson.

L Ö G

um heimild til sölu þjóðjarðarinnar Höfðahóla o. fl.

28

12. júní

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Ríkisstjórninni heimilast að selja Höfðahreppi í Húnavatnssýslu þjóðjörðina Höfðahóla og Blönduóshreppi í sömu sýslu þann hluta verzlunarlóðarinnar sunnan Blöndu og neðan þjóðvegar, sem er eign kirkjujarðasjóðs. Námuréttindi í landi Höfðahóla eru undanskilin.